

THE Lion

Blað nr. 230

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

maí / júní 2005



Skundað til þings



maí / júní 2005 Blað nr. 230
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Ljósmyndir af fjölmæmisþingi tók
 Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í
 umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum:
 dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku,
 hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
 norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrkn-
 esku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
 FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionssskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
 er opin frá kl. 12.00 til 15.00

Sími 561 3122
 Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@lions.is
 Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
 Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
 Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
 Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður

í blað 226 - Lkl. Fjörgyn

í blað 227 - Lkl. Eir

í blað 228 - Lkl. Mosfellsbæjar

í blað 229 - Lkl. Fjölur

í blað 230 - Lkl. Ösp

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMI 109

Starfsárið 2004-2005

Pórunn Gestsdóttir, fjölmæmisstjóri
 Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109 A
 Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109 B
 Árni Stefán Guðnason, fjölmæmisgjaldkeri
 Örn Gunnarsson, fjölmæmisritari og netstjóri
 Kristinn Hannesson, unglingskviptastjóri
 Hrunn Hjaltdóttir, fræðslustjóri
 Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri
 Einar Þórðarson, félagastjóri
 Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og fv.
 Alþjóðastjórnarmaður
 Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri
 Þórólfur Arnason, LCI-Fstjóri
 Edda J. Briem, Lionsleiðsögumaður
 Þórhildur Gunnarsdóttir, Lions-Queststjóri

Magnús B. Einarson, MedicAlertstjóri
 Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri
 Magnús Steingrímsson, mynja og skjalavörður
 Þór Steinarsson, NSR/AU samstarfsnefndarmaður
 Norðurlanda

Ólafur Briem, protokolstjóri og ritstjóri Lionsblaðsins
 Guðmundur Bjarnason, sjónverndar- og heilbrigðisstjóri
 Sigrún Steinsdóttir, umhverfisstjóri
 Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri
 Laufey Jóhannsdóttir, útbreiðslustjóri kvenna
 Guðmundur Finnbogason, verkefnastjóri
 Hörður Sigurjónsson, þingstjóri
 Guðmundur Rafnar Valtýsson, varaumdæmisstjóri 109 A
 Valdimar Þorvaldsson, varaumdæmisstjóri 109 B
 Björn Guðmundsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2004-2005:

International President Clement Kusiak, Maryland, USA.
 Immediate Past President Dr. Tae-Sup Lee, Seoul,
 Republic of Korea.
 First Vice President Ashok Mehta, Mumbai, India.
 Second Vice President Jimmy Ross, Quitaque, Texas, USA.

Alþjóðastjórnarmenn 2004-2005:

Lowell J. Bonds, Hoover, Alabama, USA.
 Gary L. Brown, Urbana, Ohio, USA.
 Vara Prasad Chigurupati, Vijayawada, Andhra Pradesh, India.
 Jules Coté, Shelburne, Vermont, USA.
 Hans Ulrich Dätwyler, Schattdorf, Uri, Switzerland.
 Nelson Diez Perez, Asuncion, Paraguay.
 Asoka de Z. Gunasekera, Nugegoda, Sri Lanka.
 Randy L. Heitmann, Cambridge, Nebraska, USA.
 Erkki J.J. Laine, Espoo, Finland.
 E. Robert Lastinger, Wesley Chapel, Florida, USA.
 Howard Lee, Farnham, England.
 Dr. Gen Okubo, Nagasaki, Japan.
 William R. „W.R.“ O'Riley, Maryville, Missouri, USA.
 James Sherry, Sackville, Nova Scotia, Canada.
 Dr. Wing-Kun Tam, Hong Kong, China.
 Gary Tschache, Bozeman, Montana, USA.
 Walter R. „Bud“ Wahl, Streator, Illinois, USA.
 Luis Alfredo Almansa.
 William E. „Bill“ Anderson, Hanover, Pennsylvania, USA.
 Sebastiao Braga, Belo Horizonte, Brazil.
 Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA.
 Bill Crawford, Encinitas, California, USA.
 Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand.
 Jan A. Holtet, Rasta, Norway.
 Dr Mikio Ishibashi, Otaru, Japan.
 Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand.
 Sergio Maggi, Bari, Italy.
 Don Reese, Eunice, New Mexico, USA.
 G. Durwand „Dur“ Robertson.
 Maynard Ruchks, Minnesota, USA.
 A.P. Singh, Kolkata, India.
 Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea.
 Ernest „Ernie“ Young, jr., Lansing, Kansas, USA.



Í næsta blaði verður meðal annars fjallað um:

Rauðufjaðrasöfnunina

Veganesti formanna

2005-2006

og

Golfmótið

á Hellu

- Úrslit



Ritstjórastíll

Lóan er komin

Vangaveltur í lok starfsárs

Koma lóunnar og lok starfsárs
 Lionshreyfingarinnar á Íslandi fylg-
 ast nokkurn veginn að. Það er á þess-
 um tíma sem að hreyfingin heldur
 sitt fjölmæmisþing þar sem fjallað
 er um starfið á starfsárinu sem er að
 líða og og spáð í framtíðina.

Á þinginu var sú skoðun lätin í ljós
 að nokkuð skorti á að yfirstjórn
 hreyfingarinnar leitaði til klúbba til
 að tryggja endurnýjun í yfirstjórn-
 inni. Jafnframt var því haldið fram
 að afsakanir yfirstjórnarinnar um að
 ekki fengjust félagar til forustu væri
 órökstuddur þvættingur. Að vísu var
 þetta ekki orðað svona, en skilaboðin
 voru skýr. Ef til vill er kominn tími til
 að fjölmæmisráð hugi að því
 hvernig nálgast megi klúbbana í
 þessu efni með skipulegum hætti.

Þeir sem veljast til þingfarar eru
 reyndar sjaldnast þeir sem mótað
 hafa starf klúbbsins á starfsárinu
 heldur þeir sem við taka. Þar sem
 varastjórn hefur verið höfð með í ráð-
 um við stjórn klúbbs kemur þetta
 ekki að sök en þegar varastjórn fer
 með umboð klúbbs á þingi án þess að
 hafa fengið tækifæri til að kynnst
 stjórnun klúbbsins og því sem er að
 gerast í umdæminu, fer ómældur
 tími þeirra sem við taka í að finna
 upp hjólið á ný. Þetta þarf ekki að
 vera svona og á ekki að vera svona.

Ég man þá tíð að varaumdæmis-
 stjórnar voru ekki boðaðir til funda
 fjölmæmisráðs því þeir hefðu þar
 ekkert að gera. Síðan hefur mikið
 vatn runnið til sjávar og auðvitað sáu
 menn að ýmislegt gæti verið gott af
 því sem þeir hefðu fram að færa auk
 þess sem þeir fræddust um hvernig
 klukka hreyfingarinnar gengi.

Á sama hátt er æskilegt að sem
 allra flestar klúbbstjórnir sjái hag sín-
 um best borgið með því að hafa vara-

stjórnarmenn með þannig að þeir
 geti fylgst fylgst með. Auðvitað má
 samt ekki gleymast hverjir eru við
 stjórnvölin hverju sinni og víst geta
 varastjórnarmenn huggað sig við
 það, mislíki þeim eitthvað, að þeirra
 tími kemur.

Það er eðlilegt að farið sé yfir far-
 inn veg í lok starfsárs og skoðað það
 sem best hefur verið gert engu síður
 en hitt. Brot af því birtist í fjölmörg-
 um greinum í þessu blaði. Þar kemur
 m.a. fram kraftur sannfæringar
 þeirra sem trúa því að stofnun nýrra
 klúbba sé ekki óyfirstíganlegt vanda-
 mál. Við gleðjumst nú yfir stofnun
 tveggja nýrra klúbba og einnig yfir
 því að móðurklúbbarnir eru stað-
 ráðnir í því að fylgja þeim fram á veg
 svo að lífslíkurnar eru meiri en ella.

Þetta tekur mikið af frítíma þeirra
 sem hlut eiga að máli en þeim frí-
 tíma er engu verr varið en þeim tíma
 sem fer í að sinna líknarverkefnum,
 því með því að stofna og hlú að nýj-
 um klúbbum er verið að ala upp fleiri
 sem gott geta látið af sér leiða á lífs-
 leiðinni með því að leggja lið þeim
 sem minna mega sín.

Um næstu mánaðarmót tekur nýtt
 starfsár við af því sem er að líða. Ef
 krafturinn sem fram kemur í þessu
 blaði að einkennt hafi þetta starfsár
 verður við lýði á því sem í hönd fer
 þá er engu að kvíða. Til embætta í
 fjölmæmis og umdæmisstjórnnum
 hefur valist einvala lið sem með
 stuðningi klúbbana geta lyft
 grettistaki, ég tala nú ekki um ef allir
 félagarnir gæfu Lions, þó ekki væri
 nema stundum, **forfang**, þegar kem-
 ur að ráðstöfun frítíma síns, í þágu
 markmiða Lions. **Við hefðum getað
 lent hinum megin við borðið.**

Gleðilegt sumar.

Ólafur Briem, ritstjóri.

Efnisyfirlit:

Forustupistlar 3-5

Fjölmæmisþing 7-9

Skot að norðan 11

Afmæli klúbba 5, 12 og 15

Aðrar klúbbafréttir 3, 13 og 14

Pórunn Gestsdóttir fjölumdamisstjóri

Hugmyndabankinn ótæmandi

Opin tjáskipt, hópstarf og aðlögun að þörfum umhverfisins eru áherlsuatriði í stjórnun breytinga. Þetta eru skilaboð sérfræðinga til þeirra er vilja aðlagast vinnubrögðum í nútíma samfélagi og hafa framtíðarsýn.

Við Lionsfélagar höfum okkar ytri starfsramma sem leiðarljós sem er nauðsynlegt, en "sálin" í hreyfingunni er innra starf hvers klúbbs í 193 þjóðlöndum heims.

Eftir tuttugu ára starf innan Lionshreyfingarinnar – kemur fjölmargt mér enn á óvart og það helst hversu ótæmandi hugmyndabankinn varðandi verkefni Lionsfélaga er og útfærslur framkvæmdanna sem segir mér að hreyfingin er mjög virk, hópstarfið fjölbreytt innan klúbba



Pórunn Gestsdóttir.

sem utan og aðlögun starfs á hverju svæði er raunveruleg.

Nýr Lionsklúbbur í Grafarholti í Reykjavík er jákvæð staðreynd, einnig stofnskrárhátið Lionsklúbbs Skagastrandar er haldin var í byrjun júní – og væntingar eru í lofti um stofnun kvenna-klúbbs.

Ég hef að undanfögnu notið gestrisni „afmælisbarna“ í nokkrum Lionsklúbbum sem staðið hafa fyrir veisluhöldum. Á slíkum hátíðastundum er sérstaklega ánægjulegt að

vera Lionsfélagi og njóta stunda með samherjum.

Landsþingið okkar sem haldið var í Reykjavík í apríl var vel sótt og skilaði farsælu starfi. Ber að þakka öllum er stóðu að undirbúningi þingsins framkvæmdina, svo og þátttakendum fyrir þeirra framlag.

Í upphafi hvers starfsárs er bjartsýni ríkjandi og áætlanir gerðar um vinnureglur og framkvæmdir. Þegar upp er staðið vakna spurningar - var gengið til góðs götuna fram eftir ... ? Nánast hvern dag þessa starfsárs sem fjölumdamisstjóri hefur Lions komið við sögu í formi símtala, funda, heimsókna og Lionsþinga heima og erlendis. Þegar upp er staðið blasir við að ýmislegt er enn ógert af því sem að var stefnt að breyta eða framkvæma - en í staðinn hugað

að mörgu óvæntu og ófyrirséðu er þarfnaðist úrlausnar.

Félögum í fjölumdamisráði og umdamastjórum beggja umdamanna þakka ég gott samstarf. Félagum mínum í Lionsklúbbum Eir þakka ég mikinn stuðning, svo og öðrum Lionsfélögum á Íslandi og þeirra fjölskyldum.

Starfið er gefandi. Verkefni eru næg.

Með þeim orðum fylgja góðar óskir til viðtakandi fjölumdamisstjórna um farsæld á starfsárinu 2005-2006, Fjölumdamisstjórna nýju munu skipa Geir Hauksson fjölumdamisstjóri, Guðmundur Rafnar Valtýsson umdamisstjóri A-umdamis og Valdimar Þorvaldsson umdamisstjóri B-umdamis.

Geir Hauksson, umdamisstjóri 109A

Að loknu landsþingi

Nýlega er lokið landsþinginu okkar sem að þessu sinni var haldið á Grand Hótel í Reykjavík. Þingið fór ágætlega fram að mínum dómi, sem og öll umgjörðin. Vil ég þakka þingnefndinni og þingstjóra fyrir þeirra störf sem oft voru mjög erilsöm. Kostnaður verður væntanlega réttum megin við strikið að þessu sinni, að því ég best veit.

Á þinginu voru að sjálf-sögðu skiptar skoðanir um hin ýmsu mál og er það auðvitað eðlilegt. Það var gaman að koma í skólana og sjá fólkið sem mun halda um stjórnartaumana á næsta starfsári og er ég viss um að klúbbarnir verða í góðum höndum. Þá voru kjörnir á þinginu fjölumdamisstjóri, umdamisstjórar, varaumdamisstjórar auk annarra embættismanna en sjálfur tek ég við embætti fjölumdamisstjóra og mun rækja það eftir bestu getu, enda veit ég að við höndina er gott fólk mér til aðstoðar.

Nokkrir klúbbar hafa haldið upp á afmæli sín undanfarið og höfum við hjónin verið við hátíðarhöldin eftir því sem við höfum getað, en því miður var ekki alltaf hægt að vera á tveim stöðum í einu. Við hjónin nutum þessara stunda út í ystu æsar og sérstaklega var gaman þegar rifjaðir voru upp annálar úr sögu klúbba, stundum alveg frá stofnun. Ég vil þakka ykkur fyrir góðar móttökur.

Fyrir austan, á svæði eitt, var svæðishátið tengd við afmæli klúbba og einnig fórum við á svæðishátið hjá Reyknesingum á



Geir Hauksson.

svæði fimm. Ég er viss um að svona svæðishátiðir þjappa klúbbunum vel saman, enda skemmti fólk sér vel. Vonandi verður framhald á þessu.

Eitt og annað er framundan. Ég fer á landsþing hjá frændum vorum Norðmönnum sem haldið verður í Þrándheimi 27.-28. maí. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig þeir halda sitt þing. Senn liður svo að alþjóðþinginu sem haldið verður í lok júní í Hong Kong. Viðtakandi alþjóðaforseti Ashton Mehta mun svo heimsækja okkur 23.-25. ágúst, og verður það kynnt nánar þegar nær dregur.

Um þessar mundir eru stjórnarskiptafundir í gangi hjá mörgum klúbbum og einnig eru landgræðsluverkefni og vorferðir framundan. Það er alltaf nóg að gera í Lions. Ég vil þakka öllum fráfarandi stjórnunum fyrir þeirra góðu störf og hinum viðtakandi alls hins besta á komandi starfsári. Ég vil að lokum minna ykkur á að skila nú inn ársskýrslunum því það voru því miður alltof margar auðar síður á síðasta ári. Mér fannst mjög gott að geta séð af skýrslunum hvað klúbba-

arnir voru að gera áður en ég heim-sótti þá. Einnig er þetta fróðleiksbrunnur fyrir klúbba sem eru að velta vöngum yfir í fjáröflunum o.s.frv. Þar

sem þetta eru trúlega síðustu línurnar frá mér sem umdamisstjóra, þá vil ég nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir samstarfið í vetur.

Pálmi Hannesson, ritari, Lkl. Garði Hjálmur bjargar lífi



„Frá afhendingu reiðhjólahljalma.“

Fyrir um það bil 6 árum lenti ungur drengur á reiðhjólum fyrir bíl. Hann var hann með hjálm á höfðinu sem hann hafði fengið frá Lkl. Garði og talið er víst að hjálmurinn hafi bjargað lífi þessa drengs. Við slysið eyðilagðist hjálmurinn og var stráksa færður annar hjálmur frá klúbbnum.

Þann 17 apríl síðastliðin vorum

við félagarnir úr Lkl. Garði á ferðinni í Gerðaskóla. Tilefnið var að afhenda öllum börnunum í öðrum bekk reiðhjólahljalma, en þetta er verkefni sem við höfum verið með mörg undanfarin ár. Sú hefð hefur skapast að Lögreglan í Keflavík hefur sent menn til okkar og hafa þeir sagt krökkunum hvað helst beri að varast í umferðinni.

Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109B

Greinarkorn

Nýtt Lionsár hefst 1. júlí nk., því þá taka nýir stjórnendur við klúbbum, í umdæmum og fjöllumdæmi. Hinn almenni félagsmaður tekur ekki almennt eftir neinu nýju, en samt verða oft töluveðar breytingar á áherslum í starfi hreyfingarinnar.

Það fer þó aldrei svo að hver stjórnandi hafi ekki sinn stíl og kemur það fram í starfseminni það ár sem viðkomandi heldur um stjórnvölinn. En þar sem hver stjórnarmaður í klúbbstjórn t. d. formaður starfar aðeins í eitt ár skilar reynslan, sem viðkomandi öðlast, sér ekki inn í starfið, og nýtist hreyfingunni því ekki til framþróunar.

Mér finnst þetta umhugsunarefni. Reynslan hefur líka sýnt okkur að margir eru kallaðir til starfa í klúbbstjórnnum oftar en einu sinni og þá



Stefán Skarphéðinsson.

skilar fyrri reynsla sér aftur til hreyfingarinnar. Í þessu sambandi er rétt að íhuga að alger útskipti eins og oft gerist þegar öll stjórnin hættir og alveg nýir aðilar taka við veldur því að lítil samfella verður í starfinu. Þetta fyrirkomulag getur gert starf klúbbsanna svolítið skrykkjótt, þar sem áhugasamir stjórnendur fá sjaldnast tækifæri til að klára útfærslur sínar því nýir taka við og með allt aðrar hugmyndir.

Eins og sést eru þetta aðeins fá tæklegar hugleiðingar, en ég held að

þær eigi rétt á sér og að við ættum jafnvel að skoða hvort almennt sé ekki rétt þá tryggja að skörun verði þannig í starfi allra klúbba að fólk sitji tvö til þrjú ár samfellt í stjórn klúbba. Þessi skörun á sér stað hjá sumum klúbbum en ekki öllum.

Svo ég víki að allt öðru þegar ég er að ljúka starfi sem umdæmisstjóri eftir mjög viðburðarríkt ár, þá langar mig til þakka því fjölmarga Lionsfólki, sem ég hef haft tækifæri og þá ánægju að starfa með. Vil ég sérstaklega þakka Þórunni Gestsdóttur, fjöllumdæmisstjóra, og Geir Hauksyni, umdæmisstjóra í 109 A, en vona jafnframt að ekki sé á neinn hallað þó þau séu ein nefnd til sögunnar.

Í lok starfsársins hef ég öðlast nýja sýn á Lionshreyfinguna og hefði áhuga á nokkrum breytingum en

mun ef til vill fá tækifæri til að koma hugmyndum mínum á framfæri og í framkvæmd síðar.

Ég vil að lokum ítreka það sem má ekki gleymast að við sem höfum orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá tækifæri til að starfa innan Lions fáum að kynnst svo mörgu góðu fólki og fræðumst um samfélag okkar og annarra þjóða. Við söfnum í gildan sjóð minninga, sem við myndum ekki öðlast nema í gegnum Lions. Þetta kom glöggt í ljós í 40 ára afmæli Lionsklúbbs Mosfellsbæjar sem haldið var upp á 20. maí sl. Í afmælinu var myndasýning þar sem rennt var í gegnum sögu klúbbsins og félagarnir sýndir í starfi og leik, alveg frábært. Kærar þakkar fyrir ánægjulegt Lionsár og megi hreyfingin okkar eflast og dafna um ókomin ár.

Alþjóðaforseti Lions, Clement F.Kusiak

Deilum árangrinum með velvild um heim allan

Í starfi mínu til margra ára í yfirstjórn þessarar hreyfingar, en einkum á þessu ári sem alþjóðaforseti, hef ég orðið vitni að fjölbreyttu starfi sem nær til allrar heimsbyggðarinnar. Ég hef notið þeirra forréttinda að hitta Lionsfélaga sem hafa verið fulltrúar ólíkra menningarheima, tala mismunandi tungumál sem undirstrikar þýðingu heimsnets þess félagsanda og þjónustu sem Lions hefur stofnað til.

Við verðum að hlú að og styrkja þetta heimsnet hvenær sem tækifæri gefst ef við ætlum okkur að útbreiða fyrstu skilaboðin í markmiðum hreyfingarinnar:

„Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“.

Einkunnarorð þessa starfsárs, „Deilum árangrinum af því að leggja lið“ má útvíkka í það að deila þeim árangri sem Lionshreyfingin hefur náð í árunna rás við ræktun velvildar og gagnkvæmrar virðingar um heim



Clement F. Kusiak

allan. Þessum árangri getum við náð með verkefnum s.s. unglingskiptum, unglingsbúðum, fundarhöldum, alþjóðaförum, vinaklúbbasamböndum, umhverfisverkefnum og með því að taka þátt í alheimsumhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna 5. júní sem við vissulega gerum með stuðningi okkar við LCIF og sjónverndarvekefni númer tvö sem nú er verið að hleypa af stokkunum.

Í alþjóðaaætlun okkar fyrir starfsárið 2004-2005 er þess farið á leit við Lionsklúbba að þeir séu með að minnsta kosti eitt verkefni utan sinnar heimabyggðar til þess að mæta alþjóðlegum stefnumálum okkar. Til viðbótar þeim verkefnum sem ég hef þegar nefnt geta klúbbar styrkt þátttöku í friðarvegspjaldakeppninni, tekið þátt í alþjóðafriðardeginum 24. janúar, gert eitthvað sérstakt í alþjóðasamskiptamánuðinum, október, sent fulltrúa á Lionsdaginn hjá Sameinuðu þjóðunum og margt

fleira. Aðalatriðið er að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að Lions sé alþjóðlegt, ekki aðeins að nafninu til heldur einnig í starfi.

Þetta alþjóðlega hlutverk kom nýlega fram í viðbrögðum Lionsfélaga um heim allan við hamförunum í Asíu. Til þessa hefur framlag félaga numið yfir 5 milljónum dollara í sérstakan sjóð sem settur var á stofn af LCIF til að veita neyðarástoð og endurbýggja heimili, spítala, skóla, heilu byggðarlögin, sem lögð voru í rúst á örfáum skelfilegum augnablikum. Ég er sannfærður um að Lionsfélgar um heim allan, munu halda áfram að létta byrði þeirra sem standa nú frammi fyrir uppbyggingarvinnu sem taka mun mörg ár.

Sem félagar í stærstu hjálparklúbbasamtökum heims eru Lionsfélagar skuldbundnir til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að fólk nái saman í friði til þátttöku í verkefnum án landamæra og hverskonar mismununar í tungumálum, menningu og stjórnmálum. Saga okkar sýnir að þetta er það sem við gerum best og við ættum að auka þátttöku

okkar í að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims

Til að þessum markmiðum verði náð verður friður að ríkja í heimi þar sem íbúar allra þjóða búa í sátt og samlyndi. Sannur langtíma friður er vissulega það sem getur sameinað okkur öll.

Lionsfélagar verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að taka þátt í þjónustuverkefnum handan landamæra sem færir íbúa af mismunandi þjóðerni nær hverjum öðrum, hlýði kallinu eftir aðstoð þegar hörmulega atburði ber að höndum í fjarlægðum byggðarlögum og útbreiði alþjóðlegan anda skilnings hvenær og hvar sem er.

Staðan í heimsmálunum í dag krefst þeirrar athygli, eftirtektar og raunverulegs áhuga fólks sem hefur gefið sig að friði og vinsamlegum samskiptum, fólks sem vill hjálpa öðrum í sjálfböðavinnu, þeirra, til dæmis, sem með stolti bera Lionsmerkið. Við skulum öll taka þátt í leit að leiðum sem stuðlað geta að betri, öruggari og friðsamlegri heimi.

Eftir Jay Copp, fulltrúa alþjóðastjórnar.

Styrkir til sjónverndar

Næstum þriðji hluti 1.375 Lionsklúbba í Ástralíu vekur athygli á SightFirst augnheilsuverkefni Lions, Lions Eye Health Program (LEHP). Til að koma í veg fyrir blindu af völdum gláku og sykursýki halda Lionsklúbbar í Ástralíu, í samstarfi við önnur stór augnheilsufélög, úti heimasíðu LEHP og þýða jafnvel efni fyrir innflytjendur. Nú eru Lionfélagarnir hins vegar að færa þetta áhugamál sitt á nýtt stig.

Þeir eru nú að feta í fótspor LEHP í Bandaríkjunum og bæta við efni hjá sér þannig að þar sé einnig að finna upplýsingar um augnbotna-breytingar, takmarkaða sjón og nýjstu upplýsingar um augnheilsu. Staðarklúbbar vinna nú með öðrum

hópum að því að auka fræðslu á augnsjúkdómum.

Það sem gerði þetta mögulegt var SightFirst styrkur að upphæð 73.067 dollara. Styrkurinn til áströlsku Lionsklúbba var einn af tuttugu og fjórum nýjum SightFirst styrkjum að upphæð 2.6 milljónum dollara.

Styrkurinn mun hjálpa þúsundum í 13 löndum til að varðveita sjónina eða stuðla að endurheimt hennar. Hann verður notaður til að kosta aðgerðir vegna skýs á auga, endurnýjun augnspítala Lions, frekari augnskoðun og eftirlit með augnsjúkdómum eins og augnyrtju.

Annar styrkur SightFirst á eftir að skapa tækifæri til frekari þróunar SightFirst verkefna í Bandaríkjunum.

Styrkur að upphæð 125.000 dollarar mun fjármagna bandaríska augnheilsukönnun, sameiginlegt átak LCIF og National Eye Institute sem mun bera megnið af kostnaðinum við könnunina. Svipuð könnun snemma á níunda áratugnum, á fyrstu árum SightFirst, leiddi til stofnunar LEHP.

Hæsti styrkurinn, 295.360 dollarar, var notaður til endurnýjunar Loresho spítalans í Nairobi. Sá spítali framkvæmir árlega 37 prósent af aðgerðum vegna skýs á auga sem flestir eru án endurgjalds fyrir fátæka. Með byggingu annarrar hæðar spítalans fjölga aðgerðum sem greitt er fyrir þannig að reksturinn beri sig.

Átta af styrkjunum verða notaðir til að fjármagna aðgerðir vegna skýs

á auga í Suður-Ameríku þar sem styrkirnir munu koma 12.300 fátæklingum til góða.

Hluti af styrkjunum fer til endurnýjunar augnspítala Lions á Indlandi og til þjálfunar starfsfólks. Sem dæmi þá mun styrkur að upphæð 40.944 dollara gera Lionsklúbbum í Jhalda í umdæmi 322-C3 fært að kaupa augnskoðunataeki og nýtt 20 sæta skoðunarfarartæki fyrir Jhalda augnspítala Lions. Endurnýjunin mun auka möguleika á fjölda cataract aðgerða úr 416 í 1.260 á árunum 2007-2008.

SightFirst er verkefni LCIF og Lionshreyfingarinnar til að sporna við blindu og endurheimta sjón. LCIF hefur samþykkt 722 styrki í 80 löndum að upphæð 174 milljónir dollara.

Styrkir eru samþykktir þrisvar á ári af SightFirst ráðgjafanefndinni en í henni eru forustumenn alþjóða Lionshreyfingarinnar og margir færustu sérfræðingar á sviði sjónverndar.

Edda J. Briem, Lkl. Engey.

Lkl. Engey 15 ára

Það var árið 1985 að hópur kvenna tók sig til að frumkvæði Lkl. Reykjavíkur og stofnaði Lionessklúbb Reykjavíkur. Klúbburinn starfaði í fimm ár eða þar til ákveðið var, í kjölfar lagabreytingar alþjóðastjórnarinnar sem heimilaði konum full réttindi á við karla í hreyfingunni, að leggja hann niður og stofna Lionsklúbbinn Engey. Var það gert 1. mars 1990. Af hópnum sem stofnaði Lionessklúbb Reykjavíkur fyrir tuttugu árum eru níu ennþá virkir félagar í Engey.

Afmælishátíðin

Hinn 28. febrúar sl. var saman kominn hópur prúðbúinna kvenna í Lionsheimilinu til þess að minnast tímamótanna. Borð voru fagurlega dúkuð og skreytt og glæsilegar veit-

ingar á borðum. Auk félagskvenna var fyrrverandi félögum boðið að vera með, en heiðursgestir voru fjölumdamisstjóri og umdamisstjóri 109b ásamt eiginkonu. Ýmislegt var til skemmtunar og voru klúbbnum færðar góðar gjafir. Var þetta liflegur og skemmtilegur fundur og var sérlega ánægjulegt hve margir fyrrverandi félagar sáu sér fært að mæta, endurnýja gömul kynni og gleðjast með okkur.

Afmælisferðin

En meira var gert til þess að halda upp á afmælið. Á uppstigningadag, 5. maí, var haldið til Spánar. Var flogið til Madrid þar sem við dvöldum í þrjá daga. Var borgin skoðuð, söfn heimsótt, og að sjálfsgöðu kíkt í búðir. Madrid er einstaklega heillandi borg, gamli bærinn státar af ákaflega fallegum byggingum, fjölda torga



Á útveitingastað í Toledo

með útikaffihúsum og síðast en ekki síst stórkostlegum listasöfnum. Einnig vakti það athygli hversu hrein og snyrtileg borgin er.

En ekki er allt sem sýnist í þessari fögru borg. Nokkrar grandalausar konur urðu fyrir því að óprúttir vasapjófur stálu seðlaveskjum úr töskum þeirra. Svo fingraliprir og fagmannlegir voru þeir að þær urðu einskis varar fyrr en um seinan. En þrátt fyrir óþægindi sem þessu fylgdi var skaðinn ekki óbætanlegur og fellur í skuggann fyrir mun ánægjulegri minningum.

Ekki má gleyma að minnast á matstaðina. Veðrið var eins og best verður á kosið alla dagana, sól og þægilegur hiti og var ekki amalegt að sitja á götuveitingahúsi í hádeginu og sötra hvítvín og gæða sér á tapas, eða fá sér góðan kaffibolla og horfa á mannlífið í kringum sig. Afmæliskvöldverðurinn var snæddur á Café Opera sem bauð uppá frábæran mat undir óperusöng eins og nafnið gefur

til kynna. Söngvarar sem voru klæddir eins og þjónar staðarins hófu upp raustir sínar við og við, og sungu til skiptis ariur og dúetta úr þekktum óperum og óperettum. Var þetta ógleymanlegt kvöld. Í annað skipti var farið á matstað sem bauð upp á flamenco-dagskrá sem spænskir listamenn fluttu af miklum eldmóði og innlifun.

Fyrr en varði var kominn sunnudagurinn 8. maí og kominn tími til að halda heim á leið. En við tókum daginn snemma, komum við í Toledo sem er merkileg miðaldaborg á heimsmínjaskrá UNESCO og hefur verið lýst sem þjóðarminnismarki af spænskum yfirvöldum. Eftir að hafa eytt u.þ.b. hálfum degi í feta þröngar göturnar og skoða borgina var ekið út á flugvöll þar sem flugvélin beið okkar og flutti okkur heim. Var það samdóma álit okkar allra að þetta hefði verið frábær ferð og að svona ferðir geri mikið til þess að hrista hópinn saman og treysta vináttuböndin.



Fjölumdamisstjóri afhendir stofnfélögum 20 ára viðverumerki.

Í fyrsta blaði starfsárs birtist grein um væntingar þeirra sem kosnir voru til embættis á þinginu 2004.

Í þessu blaði birtist frásögn þeirra um það hvernig þeim hefur vegnað og hvaða augum þeir líta framhaldið til loka kjörtímabils.

Jón Bjarni Þorsteinsson alþjóðasamskiptastjóri, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptin

Frásögn mín er byggð á spurningum þeim sem lagðar voru fyrir mig í fyrsta blaði þessa starfsárs þegar ég var spurður um hvaða væntingar ég hefði á nýju starfssviði innan hreyfingarinnar.



Jón Bjarni Þorsteinsson.

1. Hvaða skoðun hefur þú á embætti því sem þú varst kosinn til á þinginu?

Skoðun mín er óbreytt. Við erum alþjóðleg hreyfing. Megin markmiðið er að styðja þá sem minna mega sín, bæði á heimavettvangi og einnig á alþjóðavettvangi. Við höfum unnið að þessu m.a. með söfnun á fé vegna hörmunganna í S-Asíu þar sem margir misstu lífið. Öllum er það í fersku minni. Hreyfingin sendi þangað eina milljón króna úr verkefnasjóði sínum. Fleiri klúbbar hafa fylgt í kjölfarið og gefið til þeirrar söfnunar, þar má nefna Lionsklúbbinn Njörð sem gaf 900 þúsund krónur til styrktar þeirri söfnun og er það ein stærsta gjöf sem héðan hefur verið gefin af einum klúbbi. Við höfum haft góða samvinnu við Norræna samstarfsráðið og vinnum að verkefni með þeim og síðan hafa sumir Lionsklúbbar stutt alþjóðleg verkefni erlendis. Með þessu höfum við komið mörgu góðu áleiðis.

2. Hvað er það helst sem ég mun leggja áherslu á á mínu kjörtímabili?

Lionshreyfingin hefur starfað með norrænum samstarfsþjóðum að fyrirfram ákveðnum verkefnum og því verkefni sem unnið hefur verið að í Eistlandi, Mariuby Village, verður formlega lokið 30. apríl í ár þegar hús sem við höfum reist og hýsa mun 12 skjólstaðinga alls verður tekið í notkun. Hver einstaklingur fær sitt herbergi með baði og salerni. Annað er sameiginlegt.

3. Hvaða væntingar hefur þú um árangur í lok kjörtímabilsins?

Að hluta til hef ég svarað þessu í

svari 1 og 2. Ég vona að þær væntingar muni standa, að við getum unnið áfram með Norræna samstarfsráðinu.

Ýmsir Lionsklúbbar hér á landi gætu unnið að smærri og stærri verkefnum á erlendri grund og einnig hér heima. Lionsklúbburinn Váli hefur nú séð um að

fylla 2 gáma sem eru staðsettir fyrir utan Lionsheimilið okkar í Reykjavík með alls konar hjálpartækjum tengd heilbrigðisþjónustunni. Þeim hafa ýmsir Lionsklúbbar safnað saman frá heilbrigðisstofnunum á sínum svæðum. Hjálpartækin höfum við hingað til sent til heilbrigðisstofnana erlendis. Nú er svo komið að nýjar reglur eru fyrir hendi, varðandi tollafgreiðslu sem er nokkuð dýr. Við þurfum að hafa sér tollvörð sem vaktar gáminn á meðan hann er hlaðinn en mesti vandinn er sá að mér hefur ekki tekist, þrátt fyrir ágæta hjálp forvera míns í embætti, Þórs Steinarssonar, Lkl. Fjörgyn, að finna stofnun eða stofnanir í Eistlandi eða Litháen sem vilja taka við þessum hjálpartækjum. Áhugi hjá þeim hefur dvínað og þeir virðast, sem betur fer, vera betur efnum búnir og fá þau hjá viðkomandi stjórnvöldum

Þótt enn verði reynt til þrautar stefnir í að þessi leið til þess að styrkja og hjálpa sé úr úr sögunni. Þess vegna tel ég að á næsta ári munum við vinna að smáverkefnum sem ég mun kynna í næsta Lionsblaði, kannski 10-20 verkefni sem kosta mundu frá 10 til 50.000. krónur. Þeim verkefnum mundi svo ljúka í formi tækjakaupa eða aðstoðar þar sem við vitum að peningarnir fara beint í rétt málefni.

Friasino og Lionsklúbburinn Eir

Að lokum vil ég minnast á Lionsklúbbinn Eir í Reykjavík. Þær styrktu myndarlega heimili okkar í

Friasino fyrir utan Moskvu þar sem 130 fjölfötluð börn búa. Þetta heimili var styrkt af norræna samstarfsráðinu 1992-93 með góðum sjúkrahjálfunarbúnaði til endurhæfingar fyrir skjólstaðinga þeirra. Lionsklúbburinn Eir styrkti þetta með því að borga influensubólusetningar þessara barna sem mörg eru fjölfötluð. Þakkarbréf hefur borist fyrir influ-

ensubólusetningarnar. Þetta er mikilvægt þar sem þeim var ekki gefinn kostur á þessu í þeirra eigin landi. Fyrir þetta vil ég þakka þeim félögum í Lionsklúbbum Eir í Reykjavík.

Öllum Lionsfélögum og Lionessum og þeim sem starfað hafa með mér vil ég þakka fyrir ágætt samstarf og óska gleðilegs sumars.

Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagastrandar, formaður sjóðsstjórnar verkefnasjóðs

Væntingar og árangur

• Í upphafi skal endinn skoða. Eftir að hafa skoðað að reglugerðir verkefnasjóðsins, sumar úreltar, og framkvæmdir sem erfitt hefur verið að vinna eftir, þá finnst mér að það þurfi að breyta ýmsu, en það tekur tíma og mun ég stefna að því fyrir Lionsþingið árið 2006.



Guðmundur Finnbogason.

• Verkefnasjóðurinn er samansettur úr nokkrum sjóðum, en sá sjóður sem ég mun nefna er Hjálparsjóður Lions 109, sem var upphaflega stofnaður 1992. Úr þessum sjóði var veitt ein milljón króna í nátt-

úruhamfarinnar við Bengalflóa, Suður-Asíu, á þessu ári, hann er frekar fjárvana, þó að í ársreikningum sé verkefnasjóðurinn sterk efnaður í heild.

• Ein af hugmyndum er að hver félagi greiði visst gjald til hjálparsjóðsins til að mynda góðan stofn til framtíðar og stofnupphæðinni

verði þannig haldið við þegar á þarf að halda.

Í lokin þá eru væntingar og árangur minn í ár, ekki að mínu skapi.

Einar Þórðarson félagastjóri, Lkl. Fjörgyn

Þetta er hægt

Lkl. Úlfar

Miðvikudaginn 20. apríl var stofnaður nýr klúbbur í Grafarholti. Hann heitir Lionsklúbburinn Úlfar og eru stofnfélagar 27 og væntanlega fleiri á leiðinni.

Klúbburinn verður skráður á svæði 1 í B-umdæmi. Á fundinn mættu stofnfélagar og gestir sem vildu kynna sér hreyfinguna sem og Lionsfélagar, bæði erlendir og innlendir.

Stórn hins nýja klúbbs skipa: Hákon Hákonarson, formaður, Guðmundur G. Kristinsson, ritari og Júlíus Eyjólfsson, gjaldkeri. Var stjórninni boðið að sitja embættisskólana á fjölumdamisþinginu föstudaginn 22. apríl.



Einar Þórðarson.

Að undirbúningi stofnunar klúbbsins hafa staðið Einar Þórðarson félagastjóri og Lionsklúbburinn Njörður undir styrkri stjórn formannsins Harðar Sigurjónssonar.

Lkl. Skagastrandar

Lkl. Úlfar er annar klúbburinn sem hefur verið stofnaður á síðustu 10 mánuðum í B-umdæmi. Hinn klúbburinn er Lionsklúbbur Skagastrandar sem var stofnaður 5. júní 2004.

Með þessum árangri sjáum við að það er hægt að stofna Lionsklúbba. Besta leiðin til þess er að setja sér markmið og vinna að þeim.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri

Ávarp flutt við setningu 50. fjöllumdæmisþings Lionshreyfingarinnar á Íslandi

Þingforseti, virðulega samkoma.

Ég þakka gott boð um að fá að ávarpa þetta fimmtugasta Lionsþing sem nú er haldið hér í höfuðstaðnum. Íslenskt samfélag stendur að mörgu leyti í þakkarskuld við Lionshreyfinguna en það sem ég vil gera að umtalsefni á þessum morgni er það sameiginlega hugðarefni Reykjavíkurborgar og Lionsfólks sem forvarnir gegn vímuefnanotkun eru.

Lionshreyfingin var brautryðjandi á þessu sviði þegar hún ákvað, þegar árið 1987, að ráðast í Lions Quest verkefnið. Með ötulli vinnu og skýrri sýn á verkefnið tókst Lionsfólki að efla skilning á nauðsyn verkefnis af þessu tagi og vann til liðs við sig ýmsa aðila - opinbera og einkaaðila - til framgangs Lions Quest.



Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

- Virða reglur um útivistartíma
- Leyfa ekki eftirlitslaus parti
- Verja tíma með börnunum sínum
- Hvetja þau til að taka þátt í íþróttum eða öðru skipulögðu tómstundastarfi.

Góðir áheyrendur

Verkefnið var vel undirbúið og þegar í upphafi var leitað samstarfs við skóla og gengist fyrir námskeiðum fyrir kennara sem nýttu sér námsefnið.

Kennari sem ég kannast við og kennt hefur námsefnið Að ná tókum á tilverunni telur að námskeiðin sem hafa verið haldin fyrir kennara sem vilja nota námsefnið séu mjög mikilvægur undirbúningur fyrir notkun þess. Kennarinn lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni að sú kennslufræði sem námsefnið byggist á nýtist kennurum mjög vel í lífsleiknikennslu og öllu forvarnarstarfi með unglingum. Í raun var Lions Quest verkefnið aflvaki lífsleiknikennslunnar í grunnskólunum.

Það er vissá mín að þetta frumkvæði Lionshreyfingarinnar á verulegan þátt í þeim ánægjulega árangri sem við erum nú að sjá af forvörnum gegn vímuefnanotkun ungmenna hér í Reykjavík. Síðastliðið sumar var gerð úttekt á forvarnarstarfi í Reykjavík sem gaf afdráttarlausar vísendingar um þann árangur sem náðst hefur og við getum öll glaðst yfir. Það er árangur af markvissu starfi og góðu samstarfi fjölmargra aðila, jafnt opinberra aðila sem samtaka. Ég vil sérstaklega nefna það átak sem hér á landi átti sér stað á árunum 1997-2002 og nefnt var Ísland án eiturlyfja. Í því fólst tangarsókn þar sem í senn var ráðist gegn áhættuhegðun ungmenna og leitast við að ýta undir jákvæða hegðun. Skilaboðin til foreldra voru mjög skýr; elskið börnin ykkar óhikað, hikið ekki við að segja nei þegar það er þeim fyrir bestu. Foreldrar fengu hvatningu um að

Þekking er forsenda framfara og við setjum markið áfram hátt í forvarnarstarfi og í því sameiginlega verkefni samfélagsins að búa börn okkur undir að mæta þeim hættum sem að þeim steðja á unglings- og fullorðinsárum. Vandaðar rannsóknir gera okkur kleift að fylgjast með þróuninni en ekki síður að skilja hvaða þættir það eru sem skila árangri. Þannig sjáum við skýrt samhengi milli tiltekinna þátta. Könnunin sem ég hef hér vísað til fólst í því að töluleg gögn voru greind til að varpa ljósi á þróun vímuefnaneyslu unglunga í 9. og 10. bekk í borginni síðastliðin ár og sú þróun sett í samhengi við ýmsa félagslega þætti. Niðurstöðurnar eru í stuttu máli þær að dregið hefur umtalsvert úr vímuefnaneyslu þessa aldurshóps, hvort sem litið er á hin löglegu vímuefni, þ.e.a.s. áfengi og tóbak, eða hin ólöglegu. Niðurstöðurnar sýna okkur að það er mikill minnihluti unglunga á grunnskólaaldri sem prófar ávanabindandi efni.

Í því skyni að treysta enn frekar þekkingu og rannsóknamiðað forvarnarstarf hefur Reykjavíkurborg efnt til samstarfs við Rannsóknir og greiningu og nýja lýðheilsudeild við Háskólann í Reykjavík. Þar verður áfram lögð áhersla á að greina áhættuþættina í hegðun ungmenna og hvaða ráð gefast best í vímuefnavörnum. Það kemur Lionsfólki eflaust ekki á óvart að í stórum dráttum skiptir höfuðmarkmið Lions Quest námsefnisins - áhersla á jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl - meginmáli til að árangur náist. Við bindum vonir við þetta samstarf og trúum því að enn megi betur gera.

Árangur okkar Íslendinga hefur vakið umtalsverða athygli erlendis enda þróunin því miður neikvæðari víðast hvar. Við leggjum áherslu á að miðla þekkingu okkar og því sem vel hefur gefist. Ég mun eftir mánuð sækja árlegan borgarstjórafund samtakanna European Cities Against Drugs sem haldinn verður í Osló. Þar verður hleypt af stokkunum fjögurra ára samstarfsverkefni Evrópuborga þar sem reynsla okkar hér í Reykjavík verður lögð til grundvallar lærdómi fyrir aðrar borgir. Nýverið komu saman hér á landi til fundar fræðimenn og fagfólk víðs vegar að sem unnu að útfærslu verkefnisins og hittu m.a. forseta Íslands sem hefur ákveðið að leggja sín lóð á vogarskálarnar í þessu máli. Verkefninu verður væntanlega stýrt af fulltrúum Reykjavíkurborgar og vísindamönnum Rannsókna og greiningar. Ef fer sem vænst er þá munum við ekki síður en aðrar borgir njóta ávinnings. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að Ísland er ekki eyland nema í eiginlegum skilningi

orðsins og fíkniefni og sá vandi sem þeim fylgja virða engin landamæri. Það er hinsvegar bábilja að það hafi ekkert upp á sig að snúast gegn þessum vágæsti samfélagsins. Framtak Lionshreyfingarinnar þegar hún bauð Lions Quest verkefnið í grunnskóla er skýrt dæmi um það sem og árangur sá sem náðst hefur meðal grunnskólarnar í Reykjavík. Hann sýnir svo ekki verður um deilt að markvissar forvarnir bera árangur. Það er trúlegast það sem mestu máli skiptir í þessu samhengi - vissan um að þetta starf okkar ber árangur og það er okkur vitaskuld hvatning til að halda áfram í baráttunni fyrir blómlegri framtíð barnanna okkar.

Heiðraða samkoma.

Um leið og ég óska ykkur heilla í störfum ykkar hér á þinginu, vil ég ljúka máli mínu á því að ítreka þakki til Lionshreyfingarinnar fyrir framsýni hennar og framtak. Án hennar hefði þessi árangur ekki náðst.

Með þér á toppinn

Sparisjóður Norðlendinga er órjúfanlegur hluti menningar og sögu Norðurlands og hefur stutt við baklið á þeim sem gegnt hafa aðalhlutverki í sigrum norðlenskrar sögu. Hjá okkur ert þú í aðalhlutverki - með persónulegri og hraðri þjónustu tókum við þátt í sögu þinni og sigrum.

Sparisjóður Norðlendinga er bakhjarl framtíðarinnar og bankinn þinn

SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA

Skípagata 9 | 600 Akureyri | sími 460 2500 | www.spor.is

Fjölumdæmisþing 2005



Frá þingsetningu.

Fimmtugasta fjölumdæmisþing Lionsum dæmis 109 var sett á Grand Hótel Reykjavík, laugardaginn 23. apríl 2005 kl. 10.30 við hátíðlega athöfn. Fyrir þingsetningu söfnuðust þingfulltrúar og gestir saman fyrir utan Lionsheimilið að Sóltúni 20 og gengu síðan fylktu liði í skrudgöngu að þingstað. Meðal þeirra sem ávörp fluttu við þingsetningu voru Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri, Haakan Johansson, fjölumdæmisstjóri Svíþjóðar, sem mælti fyrir hönd norrænna gesta og séra Bjarni Karlsson, sem blessaði störf þingsins. Kór Flensborgarskóla flutti þjóðsöngva og lauk setningarathöfninni með því að lesnar voru síðareglur Lions.

Embættismenn þings

Eftir hátíðlega setningarathöfn var gengið til dagskrár sem hófst með kosningu embættismanna. Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar, var kosinn þingforseti, Þór

Steinarsson, Lkl. Fjörgyn, varaþingforseti, Örn Gunnarsson, Lkl. Ásbirni, þingritari og Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá, varaþingritari. Í kjörbréfanefnd voru kosin þau Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, formaður, Pálmi Hannesson Lkl. Garði, Jóhanna Valdemarsdóttir Lkl. Kaldá, Guðmundur Helgi Gunnarsson Lkl. Mosfellsbæjar og Hrunn Hjaltadóttir Lkl. Fold.

Þegar kjörbréfanefnd skilaði álit kom í ljós að í fjölumdæminu eru 2236 félagar í 87 klúbbum. Af þeim höfðu 66 klúbbar með 161 kjörfulltrúa rétt til atkvæðagreiðslu og þingid því löglegt samkvæmt því.

Upphaf þings

Í upphafi þings sagði Þórir Guðmundsson frá starfi Rauða kross Íslands vegna hamfaranna í Asíu á öðrum degi jóla á sl. ári og lýsti þeim hörmungum sem þar urðu og því mikla uppbyggingarstarfi sem nú

stendur yfir. Þessu næst afhenti Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar, fjölumdæmisstjóra kr. 228



Er eitthvað að?

þúsund í verkefnasjóð fjölumdæmis, en upphæðin er hagnaður sem varð af rekstri unglingsbúða í umsjá svæðis 4 í A umdæmi á síðasta starfsári.

Ávörp alþjóðastjórnarmanns og fjölumdæmisstjóra

Næst á dagskrá var ávarp alþjóðastjórnarmanns, Jan Holtet frá Norge, sem ræddi um starf hreyfingarinnar frá því hún var stofnuð fyrir 88 árum og þær breytingar sem á hefðu orðið í árána rás. Var þetta hið fróðlegasta erindi og víða komið við. Þórunn Gestsdóttir tók síðan til máls og sagði frá starfi fjölumdæmisins á starfsárinu. Þótt ekki verði fjallað nánar um þann fróðleik sem Þórunn færði þinginu þar sem hún er fastur

þistlahöfundur starfsárs hér í blaðinu þá verður ekki undan því vikist að geta umræðna í kjölfarið sem voru með líflegasta móti.

Húsnæðismál

Í skýrslu Þórunnar kom m.a. fram að til umræðu hefði komið að selja húsnæðið í Sóltúni 20 og finna hentugra húsnæði. Þetta varð Júlíusi Hraunberg Kristjánssyni, Lkl. Siglufjarðar tilefni til að kveðja sér hljóðs. Fagnaði Júlíusi því ef selja ætti húsnæðið og vísaði í því efni til 500 króna viðhaldsgjalds sem lagt væri á félagar. Lagði hann til að skrifstofan í Reykjavík yrði lögð niður og húsnæðið selt. Bauð hann jafnframt upp á húsnæði á Siglufirði sem hreyfingin gæti fengið án endurgjalds ásamt starfsmanni í fullu starfi. Taldi Júlíusi að með þessu mundu verulegir fjármunir sparast fyrir hreyfinguna.

Menn setti, sem von var, nokkuð hljóða, um stund, vegna svo skelleggja viðbragða við skýrslu fjölumdæmisstjóra, en þeir voru fljótir að

ná vopnum sínum og upp hófust fjórugar umræður sem nánar er getið í fundargerð þingsins en endaði með því að fjölumdæmisstjórn lagði fram tillögu sem var samþykkt og var svohljóðandi:

Húsnæðismál Lions

„Kosin verði fimm manna nefnd til að gera úttekt á húsnæði skrifstofu Lions að Sóltúni 20 í Reykjavík. Hún geri tillögur um úrbætur ef þurfa þykir.“

Ekki verður séð af fundargerð að kosning þessi hafi enn farið fram.

LCIF

Í skýrslu LCIF stjóra, Þórólfs Árnasonar, Lkl. Áltaness, sem fylgdi í



Það er leikur að læra.



Skráning með bros á vör.

kjölfar umræðna um húsnæðismálin, kom m.a. fram að safnast hefðu hér á landi um þrjár milljónir króna vegna hamfaranna í Asíu. Ýtarleg skýrsla Þórólfs fylgdi fundargerð þingsins.

Reikningar fjölumðemis og fjárhagsáætlun

Þá var komið að Árna Stefáni Guðnasyni fjölumðemisgjaldkera, Lkl. Nirði, að skýra reikninga fjölumðemisins fyrir starfsárið 2003-2004 og tap þess starfsárs sem nam kr. 1.144.845 en ástæða tapsins væri aðallega staðsetningar þings 2004 en mismunur á kostnaði fjölumðemis við þinghald væri mismunandi eftir því hvort þing væri haldið úti á landi eða í Reykjavík. Að loknum umræðum og samþykkt reikninganna kynnti Árni Stefán bráðabirgðauppgerð starfsárs 2004-2005 og upplýsti þingheim um að ýmislegt benti til þess að hreyfingin yrði rekin réttum megin við núllið þetta starfsár.

Þessu næst fór Árni Stefán yfir fjárhagsáætlun og tillögu um árgjald 2005 - 2006 og lagði til að árgjaldið yrði kr. 5.000 í stað kr. 4.500. Af þessari upphæð mætti taka kr. 400 úr verkefnastjóði vegna unglingskipta og fleiri verkefna á vegum fjölumðemis. Viðhaldsgjald fasteignar væri þar fyrir utan.

Sem von var urður verulegar umræður um fjárhagsáætlunina sem lauk með því að tillaga Árna Stefáns var samþykkt.

Kjör embættismanna 2005-2006

Geir Hauksson var kosinn fjölumðemisstjóri, Örn Gunnarsson fjölumðemisritari, Halldór Kristjánsson fjölumðemisgjaldkeri og Kristjana E. Guðlaugsdóttir unglingskiptastjóri.

Þá var Ólafur Vilhjálmsson, Lkl. Ásbirni, kosinn kynningarstjóri, og

Daníel G. Björnsson, Lkl. Munin í embætti félagastjóra. Endurskoðendur voru kostnir þeir Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni og Daníel Þórarinsson, Lkl. Nirði og til vara þeir Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn og Lárus Lárberg Guðmundsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Viðurkenningar:

Nú var komið að afhendingu viðurkenningarskjala alþjóðaforseta, Clement Kusiak, sem nefnast Certificates of Appreciation. Þau afhenti Jan Holtet, alþjóðastjórnarmaður, Hrund Hjaltadóttur, Lkl. Fold, Ólafi Briem, Lkl. Fjölni og Herði Sigurjónssyni, Lkl. Nirði. Geir Hauksson afhenti svo viðurkenninguna Sigurði Þorgeirssyni, Lkl. Seyðisfjarðar, svæðisstjóra á svæði 1 og Stefán Skarphéðinsson afhenti Erlu Hallgrímsdóttur, Lkl. Ösp og svæðisstjóra á svæði 7 viðurkenninguna.

Þá afhenti Þórunn Gestsdóttir Kristni Hannessyni klukku sem þakklættisvott fyrir 15 ára frábæra

þjónustu sem unglingskiptastjóri hreyfingarinnar.

Þinghald 2006

Þingið verður í boði Lkl. Akraness og Lkl. Eðnu á Akranesi. Benjamín Jósefsson, kynnti þingið sem haldið verður í húsnæði Fjölbrotarskóla Vesturlands dagana 2. og 3. júní 2006.

Önnur mál.

Nokkrir tóku til máls undir þessum lið, þeirra á meðal Daníel G. Björnsson sem flutti skýrslu Rauðufjarðarnefndar og Jóhann Einvarðsson sem þakkaði gott þing en talaði um skort á markaðssetningu hreyfingarinnar. Þá hvatti hann verðandi umdæmisstjóra til að mæta í alla klúbba á starfsárinu og gaf þeim góð ráð í því efni. Þá fannst Jóhanni menn sitja allt of lengi í embættum innan fjölumðemis. Blés hann á

þörf á bættum tengslum umdæmisstjóra og svæðisstjóra.

Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagastrandar, kynnti unglingskiptastjóra sem verða að Hólum í Hjaltadal á svæði 6 í umdæmi 109 B og hefjast 15. júlí en þeim lýkur 27. júlí. Vefsíða unglingskiptastjóra verður hýst á heimasíðu Lkl. Siglufjarðar.

Andrés Arnalds, Lkl. Mosfellsbæjar sagðist hafa áhyggjur á fjármála-hliðinni. Skoraði hann á félagi að safna auglýsingum fyrir Lionsblaðið (nokkuð sem ritstjórninni kunnir að sjálfsgöngu vel að meta). Þá sagði Andrés að sér þætti slagsíða í skipan til embætta hvað konur varðaði og benti á hve fáar konur hefðu tekið þátt í umræðum.

Þingslit.

Þegar hér var komið var klukkan langt gengin í sex og þakkaði Jón Bjarni Þorsteinsson, starfsmönnum



Stolt þingnefnd á Lionshátíð.

þau rök að ekki fengist nýtt fólk til starfa.

Þorvaldur Óskarsson, Lkl. Sauðárkróks kvartaði yfir að hvorki umdæmisstjóri né svæðisstjóri hefðu komið á klúbbfundi í vetur og taldi

þingsins þeirra störf, þingfulltrúum komuna og gaf síðan Þórunni Gestsdóttur, fjölumðemisstjóra, orðið. Hún þakkaði þingfulltrúum gott þing, óskaði þeim góðs gengis og sleit fundi.



Fylgst með af athygli á fjölumðemisþingi.

Kristinn Hannesson unglingskiptastjóri, Lkl. Mosfellsbæjar

Unglingaskiptastjóri kveður

Þegar klúbbfélagi minn og þáverandi umdæmisstjóri Jón Bjarni Þorsteinsson spurði mig hvort ég hefði áhuga á að taka að mér embætti unglingskiptastjóra og þar með taka sæti í fjölumdæmisráði varð ég dálítið undrandi því ég hafði aðeins verið Lionsfélagi í rúm 2 ár. Eftir að hafa fengið smá upplýsingar um hvað fælist í þessu og nokkurra mínútna umhugsunarfrest ákvað ég að segja já. Það var svo á Lionsþingi í Garðabæ 1990 sem ég tók við. Síðan eru liðin 15 ár og ég hef aldrei séð eftir því.



Kristinn Hannesson.

menn og 218 svæðisstjóra. Fyrir þau góðu samskipti sem ég hef átt við þessa aðila er mér ljúft að þakka. Ég hef líka fengið tækifæri til að vera í sambandi við mikinn fjölda ungmenna á þessum tíma og hafa þau samskipti öll verið góð. Síðan ég tók við hafa Lionsklúbbarnir á Íslandi sent

177 ungmenni til dvalar í 24 löndum og tekið á móti 226 erlendum unglungum frá 26 löndum. Nær undantekningarlaust hefur sá hluti starfsins gengið snurðulaust þó að auðvitað lendum við í því að fá hingað ungmenni sem ekki uppfylla okkar óskir. Við megum heldur ekki gleyma því að við höfum líka sent héðan unglunga sem ekki hafa staðið undir væntingum en eins og fyrr segir eru þetta undantekningartilfelli. 26 erlendir unglungar hafa gist á heimili okkar Dagnýar og til viðbótar hafa ríflega 60 unglungar komið þar við.

Hlutverkíð

Eitt af hlutverkum unglingskiptastjóra er að koma upplýsingum um verkefnið á framfæri við Lionsfélagana og hef ég helst gert það með erindum á klúbbfundum, svæðisfundum, samfundum og námstefnum á Lionsþingum. Það hefur verið mjög gaman og líka fræðandi fyrir mig að koma á alla þessa fundi. Ég hef fengið tækifæri til að vera með erindi um unglingskiptin á 63 klúbbfundum, 64 svæðisfundum, 16 samfundum og 8 námstefnum. Fyrir þær góðu mót-

tökur sem ég hef fengið á þessum fundum vil ég þakka.

Samskiptin

Annar þáttur í starfi unglingskiptastjóra er að vera í samskiptum við unglingskiptastjóra annarra Lionslanda. Á þessum árum hafa öll þau lönd sem við höfum átt samskipti við skipt út sínum unglingskiptastjórum / fulltrúum og flest þeirra mörgum sinnum. Ég hef átt beina samvinnu við 111 unglingskiptastjóra og 69 unglingskiptafulltrúa. Þar fyrir utan hef ég átt samskipti við 72 unglingskiptastjóra og 49 unglingskiptafulltrúa.

Ég hef eignast **Í hópi unglingskiptastjóra á Evrópuþingi.**

gegnum þau samskipti, vini sem við Dagný heimsækjum ef við erum á ferðalagi erlendis, vini sem hafa komið hingað til að heimsækja okkur og vini sem við erum í miklum samskiptum við.

Breytingarnar

Unglingskiptaverkefnið hefur tekið miklum breytingum á þessum 15 árum. Þær breytingar sem mest ber á og ég tel að hafi orðið verkefni til framdráttar varða búðirnar sjálfar og heimilisdvölina. Síðan 1999 hafa Lionsklúbbar tekið að sér sem svæðisverkefni að standa fyrir búðunum og nú hefur einnig verið samþykkt að framvegis taki klúbbar að sér sem svæðisverkefni að útvega heimagistingu fyrir unglungana. Báðar þessar breytingar hafa orðið til þess að virkja fleiri klúbba og fleiri félaga til þátttöku.

Stoð og stytur

Það eru margir aðilar sem eiga þakkir skildar fyrir framlag sitt til unglingskiptanna þessi 15 ár og væri of langt mál að telja þá alla upp hér. Nokkra langar mig þó til að nefna.

Klúbbarnir á svæði 2 í B-umdæminu sem höfðu kjark til að riða á vaðið og standa fyrir fyrstu búðunum með nýju sniði. Var það ekki síst að þakka góðri samvinnu milli mín, Einars Þórðarsonar Lkl. Fjörgyn og Kristjáns Kristjánssona Lkl. Tý hversu vel tókst til. Einar var þá for-

maður undirbúningsnefndarinnar og svo búðastjóri fyrstu búðanna.

Margrét Jónsdóttir Lkl. Fold var eiginlega fyrsti unglingskiptafulltrúi umdæmis sem tók á embættinu af einhverri alvöru og hefur alltaf verið tilbúin til aðstoðar.

Kristjana Guðlaugsdóttir Lkl. Æsu hefur veitt mér ómetanlega aðstoð



Í hópi unglingskiptastjóra á Evrópuþingi.

síðustu 4 ár og verið óþreytandi við að vinna unglingskiptaverkefni framgang.

Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar og Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik hafa alveg frá upphafi stutt mig eftir fremsta megni.

Börnum mínum Finni Yngva og Guðnýu fæ ég aldrei fullþakkað. Þau voru alltaf tilbúin að hlaupa úr rúmunum sínum ef það vantaði pláss fyrir einhverja unglunga. Eftir að þau fengu bílpróf hafa þau alltaf verið tilbúin að fara með unglungana í einhverjar skoðunarferðir, sína þeim lífið í Reykjavík eða sækja og keyra út á Keflavíkflugvöll.

Síðast en ekki síst er það hún Dagný mín. Hún hefur sýnt mér ótrúlega þolinmæði. Það er alveg sama hvað ég hef tekið að mér, hún hefur alltaf stutt mig. Ég þori að fullyrða hvar og hvenær sem er að það er vandfundinn sá maki Lionsfélaga sem gefið hefur Lionshreyfingunni jafn mikið og hún. Það eina sem ég get sagt við hana er eitt stórt takk.

Fráhvarfseinkennin

Þó að ég eigi vafalaust eftir að fá einhver fráhvarfseinkenni eftir að hafa sinnt þessu í 15 ár verður það líka ákveðinn léttir. Mesti munurinn verður sjálfsagt að eiga sumarfríið óskipt fyrir sjálfan mig og fjölskylduna. Lionshreyfingunni þakka ég svo fyrir að hafa fengið tækifæri til að gegna þessu embætti 1990 - 2005.



Leiðrétting

Lkl. Svanur sendi grein í síðasta Lionsblað sem birtist á bls. 15. Með greininni var mynd af afhendingu Melvin Jones viðurkenninga sem birtist hér aftur með leiðréttingu texta. Á myndinni eru Geir Hauksson umdæmisstjóri, Gunnar Einarsson ritari, Örn Ingólfsson, Sigurður Magnússon formaður, Sigursteinn G. Melsteð, Hrafn S. Melsteð og synir Hrafns, Sigurður Már og Sigursteinn Orri.

Björn Ingólfsson, Lkl. Þengli

Skot að norðan

Ég fór á Lionsþing. Ég skal viðurkenna að ég hlakkaði ekki mikið til. Síðast fór ég á þing á Akureyri fyrir allnokkrum árum. Það eina sem ég mundi frá því voru endalausar göngur forsvarsmanna hreyfingarinnar upp á svið þar sem hengd voru á þá heiðursmerki. Við hvern og einn sem fékk merki var staðið upp og klappað lengi, lengi. Og svo átti allur þingheimur að faðmast. Þetta var allt svo yfiringilegt að félagi minn ungur sem með mér var fær alltaf velgju ef minnst er á Lionsþing og getur ekki hugsað sér að fara aftur.

Reykjavíkurbíngið.

Þingið í Reykjavík var ekki leiðinlegt. Það var skemmtilegt. Stjórnendur þess fá hrós fyrir dagskrá og skipulagningu og ekki síst fyrir að fresta orðuveitingunum til uppskeruhátíðar seinna í vor. Þangað geta þá fjölmennt allir sem kunna að meta þess háttar skemmtanir og við þessir útúrborlegu sveitamenn sloppið við það.

Ég fór í ritaraskólann. Þótt ég hafi tvisvar áður verið ritari var þetta gagnlegur skóli og félagarnir í gulu bolunum kunnu sitt fag. Fastur í ævistarfinu stóð ég þó sjálfan mig að því að hugsa að annar væri betri kennari en hinn.

Ég missti af námsstefnunni eftir hádegið, af því að ég varð að nota bæjarferðina til að ljúka einu privaterindi, en náði seinni hluta skólans.

Umdæmisþingið

Umdæmisþing 109 B var stutt og laggott. Kannski einum of stutt og laggott vegna þess að engin svör fengust við spurningunni um hvað ætti að gera við svæði 8 þar sem aðeins eru tveir klúbbar, Lkl. Húsavíkur og Lkl. Þengill. Að vísu er Lkl. Fontur til á pappírnum ennþá en allir vita að hann hefur ekki starfað sem Lionsklúbbar í fjöldamörgum ár og tekur ekki þátt í neinu með öðrum. Ef umdæmisstjóri lætur svo lítið að heimsækja þetta tveggja klúbba svæði í vetur (gott væri að taka upp þann sið aftur) verður hann krafinn um tillögur. Valdimar Þorvaldsson umdæmisstjóri og Jón Gröndal varaumdæmisstjóri eru vörpulegir menn og við væntum góðs af þeim. Reyndar lýsti sá síðarnefndi því yfir að þeir yrðu „fantateymi“.

Ljós er öllum Lionsheimi, lýsing starfsins hrein og klár: Við höfum fengið FANTATEYMI sem fær að starfa næsta ár.

Námstefnur og þingsetning

Laugardagurinn byrjaði með tveimur þrýðisgöðum erindum um



Björn Ingólfsson.

Sight First og Lions Quest. Þau voru túlkuð stuttlega fyrir erlenda gesti á eftir sem var sjálfsögð kurteisi.

Eftir skróðgönguna (sem ég skróaði í) var hátíðlegt í stóra salnum á hótelinu. Fyrst söng Flensborgarkórinn þrjá þjóðsöngva, amerískan, norskan og íslenskan. Góður söngur ungs fólks.

Kórinn var með póstmóðernísku útliti, þar sem öllu ægði saman, peysufötum og kúrekafötum, jakkafötum og hárgreiðslu hippa og svartra reggaespilara. Allir samt svakalega finir.

Næst komu þrjár mátulega langar ræður, þrælögðar og vel fluttar. Þar voru að verki borgarstjórinn, sóknarprestur hótelsins og norski heiðursgesturinn. Síðan steig kórinn aftur á pall og söng íslensk þjóðlög og fatað-

ist hvergi. Sama er ekki hægt að segja um söngstjórnann sem kynnti lögin. Þegar Íslendingar tala yfir íslenska ráðstefnu eiga þeir skilyrðislaust að tala íslensku. Það er svo aftur á móti sjálfsögð kurteisi að túlka það sem þeir eru að segja fyrir erlenda gesti sem kunna að vera í salnum.

Fjöllumdæmisþingið

Á undan fjöllumdæmisþinginu kom erindreki Rauða krossins með stutt og hnitmiðað erindi um hamfarasvæðið í Asíu og hjálparstörf þar. Skýr framsetning í máli og myndum. Gott mál.

Þingið sjálft gekk rólega þar til upp stóð Siglufirðingur og bauðst til að flytja skrifstofuhald Lionsumdæmisins til Siglufjarðar og reka það þar fyrir ekki neitt. Þetta virtist koma illa við suma. Einn bar upp á Siglufirðinginn að hann væri að bulla, annar opinberaði athyglisvert múnarholusjónarmið sitt með því að segja að ef Lionsskrifstofan færi til Siglufjarðar yrði hún þar með orðin eins og hver annar niðurstæðingur. Því miður varð ég að fara áður en þessum umræðum lauk vegna þess að síðasta flug norður var kl. 5. Ég hefði gjarn-

an viljað sjá hvernig þeim lyktaði. Mér fannst merkilegt að sjá hvernig menn fóru á taugum við að ræða svo sjálfsgöða hluti sem rekstur umdæmisins. Það verða menn auðvitað að ræða á svona þingum. Vonandi kemst fimmannanefndin, sem skipuð verður, að skynsamlegri niðurstöðu með húsnæðið.

Eftir situr ein spurning sem ekki var svarað meðan ég fylgdist með. Hvers vegna kostar milljón meira að halda umdæmisþing á Sauðárkróki en í Reykjavík? Gjaldkerinn sagði að það væri af því bara. Ég veit ekki um nema einn kostnaðarlið sem hækkar þegar þing eru annars staðar en á Reykjavíkursvæðinu. Ferðakostnaður boðsgesta. Voru þeir fluttir með þyrlu til Sauðárkróks?

Ég þakka fyrir skemmtilegt þing. Ég væri alveg til í að fara aftur næst. En þá mundi ég vilja fá betra kaffi. Furðulegt að svona fínt hótél skuli bjóða gestum sínum jafn vont kaffi. Og ég ætla líka að mælast til þess að nafnspjöldin sem þingfulltrúar fá í barminn verði með læsilegu lettri. Það getur verið gaman að vita hvað þeir heita og frá hvaða klúbbi þeir eru.

Pálmi Hannesson, Lkl. Garði, svæðisstjóri svæði 5 í A umdæmi

Samstarfið á svæði 5 í 109A

Starfið á svæði 5 hefur verið gott. Þrjár svæðisfundir haldnir og mæting góð. Í byrjun apríl héldu klúbbarnir sameiginlega vorhátíð þar sem félagar úr öllum klúbbunum ásamt mökum komu saman. Boðið var upp á steikarhlaðborð og síðan stiginn dans fram eftir nóttu. Á þessari skemmtun voru teknir inn 5 nýir félagar, 3 í Lkl. Njarðvíkur og 2 í Lkl. Sandgerðis. Samþykkt var að ef hagnaður yrði á þessu kvöldi þá yrði hann notaður til þess að kaupa skjávarpa fyrir Tollgæsluna til notkunar við forvarnarstarf.

Á þriðja og síðasta svæðisfundinum fengum við svo Þorstein Hauk Þorsteinsson og Baldvin Ármann Þórisson frá Tollgæslunni í heimsókn, Þorsteinn Haukur er forvarnarfulltrúi og var hann með mjög fróðlegt og gott erindi um forvarnarstarf það sem hann er að vinna að, en eitt af því sem Þorsteinn Haukur gerir er að hann heldur fundi með öllum fermingarbornum og foreldr-



Pálmi og Þorsteinn.

um þeirra um land allt. Samstaða og afrakstur vorhátíðarinnar var það góður að við þetta tækifæri var Þorsteini Hauki afhentur mjög góður skjávarpi sem nota á við forvarnarstarf Tollgæslunnar.

Á síðasta ári tóku klúbbarnir á svæðinu að sér að reisa grindverk við Ragnarsel, sem er hús Þroskahjálp-

ar á Suðurnesjum. Ákveðið hefur verið að enda þetta starfsár á því að mæta aftur í Ragnarsel og er nú ætlunin að taka hluta af húsinu að innan, þrifa og mála, en einnig, ef veður leyfir, að bera fúavörn á grindverkið. Mun þessi vinna fara fram helgina 27. og 28. maí.

Egill Skúli Ingibergsson, ritari Lkl. Fjölnis

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

Fimmtíu ára afmælishátíð



Þór Guðjónsson og Viggo Maack – Með frá upphafi.

Undirbúningur afmælishátíðar hefur staðið undanfarið ár undir stjórn Gunnars Odds Sigurðssonar félaga okkar og fyrrverandi umdæmisstjóra, sem hefur sýnt sérstaka lagni, dugnað og hughvæmni við undirbúning með dyggri aðstoð félaga sinna í afmælisnefndinni, þeirra Heimis Br. Jóhannssonar, Baldurs Hjaltasonar og Ólafs Briem.

Hinn stóri dagur, afmælisdagur Lkl. Fjölnis 4. maí, er upprunninn,

Hátíðin hófst kl 9:00 með morgunverðarfundum klúbbfélaga á Hótel Loftleiðum þar sem formaður klúbbsins Ólafur Briem sagði m.a.:

„Það var á þessum degi fyrir 50 árum að klúbburinn okkar var stofnaður. Hann hefur haft áhrif á lífsmunstur flestra okkar og gefið okkur tækifæri til að kynna fjölda félaga sem verið hafa í klúbbum um lengri eða skemmri tíma.

Það er von að spurt sé, á svona tímamótum: Hvert stefnum við. Ég hef þá bjargföstu trú að okkur beri gæfa til að halda áfram að starfa að þeim verkefnum sem klúbburinn hefur unnið að og sem við vitum að mikils eru metin og að við fáum fleiri til liðs

við okkur. Fjöldi félaga skiptir ekki öllu máli, heldur samheldnin. Hinsvegar er hinu ekki að neita að margar hendur geta unnið verkin léttar.

Í samantekt Ottó Schopka á Sögu Lionsklúbbsins Fjölnis er gerð ítarleg grein, fyrir sjörfum klúbbsins, samstarfi að verkefnum og skemmtunum sem haldnar hafa verið í áranna rás og verður því ekki farið nánar út í þá sálma hér og nú.

Ég hygg að ég mæli fyrir munn flestra sem hér eru staddir, að við höfum átt góða daga í Lkl. Fjölni. Við skulum rísa úr sætum og lyfta glösum fyrir stofnanda klúbbsins, Jóni Gunnarssyni.“

Á fundinum sagði Þór Guðjónsson frá störfum sínum sem umdæmisstjóri 1958 - 1959 og svo aftur 1973 - 1974. Kom margt skemmtilegt fram í frásögn Þórs og ekki síður um þær miklu breytingar sem orðið hafa á öllu okkar umhverfi síðustu áratugi. Þá kynnti Ottó Schopka bókina: Saga Lionsklúbbsins Fjölnis 1955-2005 og afhenti formanni fyrsta eintakið. Í lok fundarins veitti formaður ýmsum félaganna viðurkenningar fyrir störf í þágu klúbbsins og sérstaklega var fagnað tveim heiðursmönnum sem báðir hafa verið starfandi með klúbbum næstum öll 50 árin. Þetta eru þeir Viggó Maack og Þór Guðjónsson.

Afmælisboð í Lionsheimilinu

Kl 17:00 til 18:30 tók klúbburinn á móti gestum í félagsheimili Lions. Margt var um manninn og skemmti

fólk sér hið besta, bæði yfir meðlæti og tónlist, en félagar fyrri ára mest yfir því að hittast þarna aftur, sumir mörgum árum eftir að leiðir skildu. Flutt voru ávörp með hamingjuóskum og einn klúbbfélaganna, Þórhallur M. Einarsson og eiginkona hans Lóló Eyjólf, færðu klúbbum að gjöf skjöld einn góðan og mikinn þar sem á verða færð nöfn allra formanna klúbbsins.

Hátíðarkvöldverður

Kl 18:30 gengu margir boðsgesta til kvöldsamsætis á Grand Hótel Reykjavík. Veislustjóri var Niels Árni Lund og skilaði hann sínu hlutverki með glæsibrag. Snæddur var frábær matur með réttu meðlæti í drykk, söng og gamanmálum. Fjölmúðmisstjóri, Þórunn Gestsdóttir og umdæmisstjóri, Geir Hauksson fluttu ávörp og einnig fluttu Lovísa Christíansen frá Krýsuvíkursamtökunum og Sigríður Flygenring, sem talaði fyrir hönd maka látinna félaga sem þátt tóku í

urinn hugðist standa fyrir fagnaði í Lído. Varð þessi ætlan umfjöllunar-efni blaða og m.a. kom í einu blaðinu:

„Til er félagsskapur manna sem kenna sig bæði við ljón og alföður ásatríarmanna Lionsklúbburinn Fjölur, félagar munu einkum vera hógværir og yfirlætislausir kaupsjúslumenn en sagan segir að tilgangur félagsins sé einkum fólgin í því að menn hittist reglulega og snæði saman, en hvert borðhald hefst á því að fésýslumennirnir rísi úr sætum sínum og reki upp ljónsöskur af lífs og sálar kröftum. Með því móti fá þeir útrás fyrir niðurbælda gremju og annarlegar hvatir og eiga auðveldara með að vera hógværir og þrúðir dagfarslega, auk þess sem óhljóðin eiga að sanna að undir sléttu yfirborði geta slegið ljónshjörtu.“

Um sama leyti kom fram frá ríkisstjórninni að nú yrðu allir að herða sultarólina því að búið væri að eyða um efni fram. Aðgangseyrir á árshátíðina átti að vera 2.000,00 kr fyrir



Gluggað í 50 ára sögu Fjölnis.

hófinu, klúbbum árnaðaróskir. Jóhannes Kristjánsson fór með gamanmál og kom víða við við góðar undirtektir viðstaddra eins og hans var von og vísa.

Meðal þeirra sem til máls tóku var Ottó Schopka, sem skrifaði sögu Fjölnis í tilefni afmælisins. Hann sagði frá skemmtilegum atvikum og uppákomum í sögu klúbbsins, sem hann rakst á í leit sinni að upplýsingum og skrásetningu þeirra. Til undirstrikunar breyttra tíma er sagan um Áramótafagnaðinn sem ekki varð: Þetta var um áramótin 59/60, þegar klúbb-

tvo og þótti mikið í samanburði við kaup dagsbrúnarmanna. Veislan myndi kosta sem svarar kaupum 200 dagsbrúnarmanna - ekki veit eg í hvað langan tíma. Fleira var skrifað um óhófið og fór svo að lokum að hætt var við árshátíð þessa. Lionshreyfingin var greinilega meira í sviðsljósinu á þessum tíma en hún er í dag. Fleira skemmtilegt rifjaði Ottó upp og verður það geymt í sögu klúbbsins.

Verður þessa afmælis dags lengi minnst af þeim sem þátt tóku í hátíðarhöldum dagsins.



Fjölnisfélagar í hátíðarskapum

Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu

Stolt Lkl. Emblu

Nú fer þessu starfsári senn að ljúka, tíminn búinn að fljúga áfram og búið að vera skemmtilegt starf hjá okkur í allan vetur.

Það sem við vorum stoltastar af var styrkur að upphæð kr. 350.000 sem við afhentum vinnu- og hæfingastöð á Selfossi, VISS, til kaupa á tæki sem leiðbeinendur þar óskuðu eftir. Við fengum upplýsingar frá Ósk Unnarsdóttur, þroskaþjálfara á VISS sem ég lét fylgja hér með öðrum til upplýsingar.

Soundbeam

Það var dag nokkurn í október í fyrra sem við á VISS, vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi sáum í fyrsta sinn tæki sem heitir Soundbeam. Tækið vakti strax áhuga okkar þrátt fyrir að við sáum það ekki í notkun og í framhaldi af þessum fyrstu kynnum ákváðum við að skoða þetta undratæki nánar. Við fórum að vafra á netinu, tala við aðila hér heima sem unnið höfðu með tækið og fengum lánaða kynningarspólu sem við horfðum á. Með hverri mínútnni sem leið heillaði tækið okkur meira og meira. Soundbeam virtist vera hið mesta undratæki. Við fengum því áhuga á að eignast það og fljótlega kom í ljós að Lionsklúbburinn Emblu á Selfossi höfðu áhuga á að styrkja VISS til að kaupa tækið.

Þann 3. desember 2004 var opnuð ný og glæsileg viðbygging við eldra hús VISS og við það tækifæri gáfu Emblurnar 350.000 króna peningastyrk til að kaupa Soundbeam. Mjög rausnarleg gjöf sem við erum ákaflega þakklát fyrir.

Víkjum frásögninni þá aðeins að tækinu sjálfu og afhverju það hefur fengið nafnið undratæki hér fyrr í frásögninni. Eftirfarandi umfjöllun er byggð á kynningarefni sem við fengum frá Bretlandi um Soundbeam. Á mjög einfaldan hátt má útskýra virkni Soundbeams með einni einfaldri setningu: Soundbeam er tæki sem umbreytir hreyfingu í hljóð. Soundbeam er tónlistartengt tæki sem er uppbyggt af nokkrum hlutum en helst ber að nefna nokkurs konar stjórnstöð til að stýra virkni tækisins og nokkuð sem ég kys að kalla „hljóðskynjara“. Hljóðskynjari er hlutur sem minnir á hljóðnema en í stað þess að syngja í hann þá hreyfirðu einhvern hluta líkamans fyrir framan hann og þá má segja að hann geisli hreyfingu inn í tækið og breyti henni í hljóð.

Upphaflega var tækið hannað fyrir



Kristín formaður Lkl. Emblu afhendir peningagjöf að upphæð 350.000 til kaupa á Soundbeam tæki.

dansara en með tímanum hefur notkun þess færst yfir á stærra svið og í dag er það notað í listum, sem meðferðarúrræði og í kennslu. Eiginleikar tækisins gera það að verkum að allir sem það nota geta orðið tónlistarmenn. Það krefst engrar sérhæfðrar kunnáttu heldur eingöngu þess að sá sem það notar hreyfir sig. Allir, hvort sem þeir eru fatlaðir eða

ófatlaðir, geta því nýtt þá færni sem þeir búa yfir til að hreyfa einhvern hluta líkamans fyrir framan hljóðskynjara og búa þannig til hljóð og læra með æfingu og tíma að stjórna þessum hljóðum. Tækið er einstakt þar sem það gefur svörum við hreyfingu strax og hvetur því til hreyfinga af sjálfsdáðum. Það gefur þeim sem það nota tækifæri til að efla eigin

sköpunargáfu og frumkvæði. Þeir sem kynnst hafa tækinu í notkun telja það auka virkni einstaklinga og efla þá þannig að þeir verði sterkari einstaklingar en áður. Mikið er talað um hversu skemmtileg leið þetta er til að ná fram ýmsum þáttum hjá einstaklingum sem áður voru huldur eða erfitt var að ná fram.

Fyrst og fremst er Soundbeam ákaflega spennandi og skemmtilegt þannig að þeir sem prófa það sýna áhuga á því að halda áfram og læra. Það gefur mjög skemmtilega leið til að veita ýmsum ný tækifæri til að til-einka sér nýja færni og styrkja og efla ýmsa færni sem þeir búa yfir. Margt fleira er hægt að segja um tækið en hér hefur verið farið í helstu þætti þess. Við erum ákaflega spennt hér á VISS að fá tækið og byrja nota það. Soundbeam boðar spennandi og skemmtilega tíma.

Þeir sem vilja lesa sér meira til um Soundbeam er bent á vefslóðina: <http://www.soundbeam.co.uk>.

Guðmundur Finnbogason, formaður Lkl. Skagastrandar, Skagaströnd.

Troskvöld á Skagaströnd og annað í fréttum

Það er ekki komið ár síðan Lionsklúbbur Skagastrandar var stofnaður, ársafmælið verður þann 5 júní 2005. Það má segja að Lionsfélagarnir 22, séu að finna þann árfarveg sem þeir ætla sér að fljóta eftir. Haldinn er einn fundur í mánuði, annan miðvikudag, kl 20:00, í Félagsheimilinu Fellsborg þar sem við fengum herbergi til afnota sem við máluðum og parketlögðum. Mjög aðlaðandi umhverfi.

Troskvöldið

Troskvöld var haldið 14 janúar og var það tilraunarstarfsemi sem tókst mjög vel. Við buðum mökum okkar og gestum með okkur og urðu nokkrir kk volgir um að koma í klúbbinn. Þrír Lionsfélagar sáu um að elda og bera fram matinn, og var gerður góður rómur að matreiðslu þeirra. Í boði var reyktur heiðarsilungur, siginn fiskur, kúlaður steinbitur, grafin lúða, skötustappa, gellur, saltfiskur og margt fleira. Skemmtiatriði voru undir borð-

haldi og eftirá var spjall yfir kaffi og ?? Þetta verður árlegur viðburður hér eftir og jafnvel fleirum boðin þátttaka og þá jafnvel með dansleik á eftir.

Páskaegg

Til gamans þá var ákveðið að færa öllum 70 ára íbúum Skagastrandar og eldri páskaegg. Við vitum að smá glaðningur yljár eldra fólki og við viljum líka þakka fyrir okkur, þakka þann stuðning sem það hefur veitt Lionshreyfingunni í gegnum árin.



Kokkarnir þrír, Guðmundur, Stefán og Gunnar.



Setið að snæðingi.

Dr. Rúnar S. Reynisson, Lkl. Seyðisfjarðar

NÝTT SÓNARTÆKI AFHENT

Í febrúar 2005 hóf Lionsklúbbur Seyðisfjarðar fjárflestun vegna endurnýjunar sónartækis Heilbrigðisstofnunarinnar á Seyðisfirði.

Klúbburinn gaf stofnuninni slíkt tæki árið 1997, árgerð 1996 og tækið því nú orðið 9 ára gamalt. Tækið var fjármagnað á sínum tíma með góðum stuðningi fyrirtækja í bænum, auk annarrar hefðbundinnar fjárflestunar klúbbsins; kostaði þá um 3,5 milljónir og var greitt á 3 árum.

Notagildi.

Tækið er einkum notað til fósturgreiningar. Slíkar skoðanir eru einungis gerðar á tveimur stöðum á Austurlandi; á Seyðisfirði og í Neskaupstað. Almennt er miðað við það, samkvæmt alþjóðlegum gæðastöðlum, að sónartæki sem notuð eru til fósturgreiningar séu ekki eldri en 5-6 ára, þannig að endurnýjun tækisins var orðin brýn, auk þess sem tækninni fleygir fram og nýjustu tæki gefa möguleika á mun nákvæmari skoðun en gamla tækið, sem þar að auki er byrjað að gefa sig. Tæki þetta nýttist, auk fósturgreiningarinnar, t.d. til að greina steina í gallblöðru, skoðun á nýrum, lifur, blöðruhálskirtli, þvagblöðru, legi og eggjastokkum. Sónartækið á Seyðis-

firði hefur nýst einstaklingum á stórum hluta starfssvæðis Heilbrigðisstofnunar Austurlands, einkum fyrir Hérað, Borgarfjörð Eystri, Seyðisfjörð og Suðurfirðina.

Fjárskortur.

Eins og oft áður, háir fjárskortur heilbrigðisstofnunum landsins og hefur því iðulega þurft að leita til fyrirtækja og stofnana utan heilbrigðiskerfisins til fjármögnunar á tækjakaupum til heilbrigðisþjónustunnar, sbr. nýlegt dæmi hér fyrir austan, þar sem Hollvínasamtök Fjórðungsjúkrahússins í Neskaupstað hafa unnið ótúllega að öflun fjár til kaupa á tölvusneiðmyndatæki til Austurlands. Á Seyðisfirði hefur Lionsklúbburinn í raun verið í svipuðu hlutverki gagnvart Heilbrigðisstofnuninni á Seyðisfirði gegnum árin. Það er mjög mikilvægt að geta áfram veitt þessa ómskoðunarþjónustu á fullnægjandi hátt á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands, þannig að sú sérhæfða þekking sem byggð hefur verið upp, nýttist einnig að fullu á komandi árum.

Lýsing og fjármögnun.

Sónartækið sem nú er afhent, er af gerðinni Toshiba Famio 8 og kemur frá Toshiba Medical í Hollandi. Um-



Athöfnin fór fram miðvikudaginn 11. maí 2005 á Heilsugæslustöðinni á Seyðisfirði.

Á myndinni eru talið frá vinstri: Jóhann Jónsson (Austfar ehf.), Arndís Sigtryggsdóttir (Landsbanki Íslands), Gunnar Sverrisson (Síldarvinnslan hf.), Ómar Bogason (Brimberg ehf. og Gullberg ehf.), Sigrún Guðjónsdóttir (Vélsmiðjan Stálstjórnur ehf.), Cesil Haraldsson (Seyðisfjarðar-kaupstaður), Vilhjálmur Jónsson (Kaupfélag Héraðsbúa/Samkaup-Strax), Guðjón Jónsson (Seyðisfjarðardeild RKÍ).

boðsaðlili er Einar Farestveit & Co. hf. Tækið fékkst á sértíloboði, (2.679.638 kr) þar sem þetta er fyrsta tækið af þessari gerð sem keypt er til Íslands, af nýrri „kynslóð“ sem sett var á markað síðasta haust!

Ljóst var að Heilbrigðisstofnunin gæti sjálf lagt fram rúma 1 milljón króna til þessara tækjakaupa, en Lionsklúbbur Seyðisfjarðar tók að sér að leita leiða til að klára dæmið, þannig að hægt væri að taka þessu mjög svo hagstæða tilboði.

Alls var leitað til 17 fyrirtækja og stofnana, varðandi fjárframlög til verkefnisins. Þrjár aðilar synjuðu erindinu, ekkert svar barst frá 3 aðilum, en 11 aðilar lögðu fram fé til þessara tækjakaupa, samtals 990 þúsund krónur.

Þessir aðilar eru:

Austfar ehf., Brimberg ehf., Félag austfirskra kvenna í Reykjavík, Gullberg ehf., Landsbanki Íslands hf., Kaupfélag Héraðsbúa / Samkaup-Strax, Seyðfirðingafélagið í Reykjavík, Seyðisfjarðardeild RKÍ, Seyðisfjarðar-kaupstaður, Síldarvinnslan hf. og Vélsmiðjan Stálstjórnur ehf.

Heildarverð tækisins, ásamt auka-skjá, er um kr. 2,7 milljónir (2.670.224). Lionsklúbbur Seyðisfjarðar leggur fram um 1,5 milljónir (1.504.196), með dyggum stuðningi ofanskráðra aðila. Hlutur HSA í þessum tækjakaupum er því um 1,2 millj. (1.166.024).

Lionsklúbbur Seyðisfjarðar og Heilbrigðisstofnun Austurlands, færa þessum aðilum bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn

Öflugt félagsstarf Fjölgun og viðurkenningar

Á undanförunum árum hefur innra starf Lionsklúbbsins Fjörgynjar verið að eflast. Fyrir tveimur árum fór klúbburinn í góða ferð til Búdapest. Sú ferð hafði góð áhrif á félagsandann í klúbbum. Fjöldi klúbbfélaga hefur aukist jafnt og þétt og er nú í fyrsta sinn kominn yfir 30. Á félagsfundum þann 12. maí síðastliðinn gengu þrjár nýjir félagar í klúbbinn. Þeir eru Ármann Óskar Sigurðsson, meðmælandi Hreinn Ólafsson, Ingi Már Grétarsson, meðmælandi Guðmundur Helgi Gunnarson og Sigurður Þorbjörnsson, meðmælandi Einar Þórðarson.

Á fundinum sámdí klúbburinn Einar Þórðarson „progressive“ Melvin Jones viðurkenningu fyrir mikild starf fyrir Lionsshreyfinguna inn-

an og utan klúbbsins. Einar hefur m.a. komið að stofnun tveggja Lionsklúbba í umdæmi 109 B síðastliðin



Á myndinni eru frá vinstri: Andrés Freyr Gíslaon, Einar Þórðarson, Svnur Ingimundaron, Sigurður Þorbjörnsson Hreinn Ólafsson, Sigmar Steingrímsson, Ármann Óskar Sigurðsson, Ingi Már Grétarson, Guðmundur Helgi Gunnarsson, Þór Steinarsson og Vigfús Þór Árnason.

tvö ár. Nú síðast Lionsklúbburinn Úlfur í Grafarholti og í fyrra Lionsklúbburinn á Skagaströnd.

Iðunn G. Gísladóttir, Lkl. Eik

Afmælisár Lkl. Eikar

Afmælisstarfsári Lionsklúbbsins Eikar er senn að ljúka. Margt hefur verið til gamans gert. Janúarfundurinn bar yfirskriftina „Kona mér kær“, en þá buðum við „kærri konu“ með okkur á fundinn og voru þær 31. Heiðursgestur fundarins var menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Flutti hún okkur á hugaverða og líflega tölu sem náði vel til áheyrenda.

Í febrúar fórum við í heimsókn í Mýrina og fengum að skoða þessa nýju og glæsilegu íþróttamiðstöð í Garðabæ.

Í mars var haldinn sameiginlegur fundur Lionsklúbbsins í Garðabæ.

Apríl var afmælimánuðurinn. Þá var haldin hátíð á sjálfan afmælisdaginn 17. apríl þar sem félagar komu að verki við tilbúning á glæsilegu veisluþorði. Þangað var boðið mörgum góðum gestum svo sem nokkrum embættismönnum Lionshreyfingarinnar á Íslandi, þeim Þórunni Gestsdóttur fjöllumdæmisstjóra, Geir Haukssyni umdæmisstjóra 109 A, Björgólfi Þorsteinssyni svæðisstjóra á svæði 6 og Ólafi Briem protokolstjóra og ritstjóra Lionsblaðsins, fyrrverandi félögum klúbbsins og fleirum.

Formaður Lilja Hallgrímsdóttir bauð gesti velkomna og þakkaði sérstaklega í ræðu sinni nokkrum einstaklingum sem komu að stofnun Lkl. Eikar fyrir 20 árum fyrir dyggan stuðning og hjálp sem varð til þess að Lkl. Eik varð til. Einnig þakkaði hún móðurklúbbsnum okkar, Lionsklúbbi Garðabæjar, fyrir allan þann stuðning sem félagarnir hafa jafnan veitt okkur frá upphafi. Og fánakonan okkar fékk innilegar þakkir fyrir sérlega smekklegan og vel unninn fána sem hún saumaði fyrir klúbbinn.

Því næst afhenti formaður afmælisfélögum viðeigandi merki. 19 af stofnfélögum eru enn í klúbbsnum og

fengu 20 ára merki, síðan 15 ára félagar, þá 10 ára og 5 ára.

Síðast en ekki síst var einn af stofnfélögum, Guðbjörg Ó. Bjarnadóttir tilnefnd Melvin Jones félagi og óskum við henni til hamingju með þann heiður.

Sett var upp sögusýning þar sem gestir gátu lesið feril klúbbsins úr munum og myndum. Yljaði það gömlum félögum að „rísla í gamla dótinu“ og rifja upp góðar stundir.

Þótti þessi hátíð takast með miklum ágætum. Tveimur dögum síðar héldum við afmælisfundinn okkar og voru konur enn í hátíðarskpi. Ekki spillti svo gleðinni gestur fundarins, Herdís Egilsdóttir kennari, sem deildi með okkur 45 ára reynslu sinni við kennslu 5-8 ára barna. Fór hún á kostum í frásögn sinni.

Nokkrir félagar fóru í afmælisferð til Madrid dagana 5. - 8. maí. Tókst ferðin í alla staði mjög vel.

Apríl / maí

„Hætta skal leik þá hæst hann ber“ og snúa sér að hinu sem þarf að gera. Eikarkonur heimsóttu að vanda íbúa Holtsbúðar síðast í apríl og 13. maí héldum við árlegt vímuvarnarhlaup Lkl. Eikar fyrir 5. bekk beggja grunnskólanna í Garðabæ, en það er að okkar mati mjög mikilvægt framlag til barnanna í bænum gegn vímuefnum. Fengum við með okkur tvær þekktar handboltakonur úr Stjörnunni, Guðbjörgu Stephensen og Jónu Margréti Ragnarsdóttur, til að tala við börnin og hvetja þau til að þora að segja NEI við vímuefnum. Er okkur sagt að börnin bíði hlaupsins á hverju ári með mikilli eftirvæntingu.

Síðasti fundur vetrarins, stjórnskiptafundur, var haldinn í sveitar-sælunni í Svínadal í sumarþústað Lilju formanns þar sem við áttum góða kvöldstund við grill og söng.

Lokaverkefni afmælisársins, að hlynning umhverfisins, að hlúa að skógarrjóðrinu okkar í Smalaholti er síðast í maí.

Í blaði nr. 227 var grein eftir sama höfund um opinn fund klúbbsins en hún sögð eftir Ingunni Gísladóttur. Beðist er velvirðingar á þessu.



Minning Sigursteinn G. Melsteð f. 22. ágúst 1938 – d. 18. febrúar 2005

Sigursteinn var fæddur og uppalinn í Reykjavík en var einnig mikið hjá afa sínum og ömmu í Vatnskoti í Þingvallasveit og minntist oft verunnar þar. Hann lærði rennismiði í Reykjavík og tók þar meistaraþróf.

Sigursteinn kvæntist Hönnu Ingólfsdóttur frá

Krossgerði á Berufjarðarströnd þann 26. desember 1959 og fluttu þau til Breiðdalsvíkur árið 1961. Sigursteinn hóf strax rekstur vélaverkstæðis, fyrst í gömlu húsi, en byggði nokkru síðar stórt hús yfir starfseminna og vann hann síðan að viðgerðum og smíðum meðan heilsan entist. Það voru mörg og vandasöm verkefni sem Sigursteinn þurfti að leysa í viðgerðum og kom fljótt í ljós að hann var óvenju fjölhæfur og úrræðagóður. Það voru ekki alltaf gripnir upp í hasti varahlutir sem vantaði til hinna ýmsu viðgerða í báta, togara, bíla eða landbúnaðarvélar svo eitthvað sé nefnt af því sem lagfæra þurfti. Varð hann æði oft að smíða það sem vantaði til að bjarga því sem annars hefði getað tafist lengi og þá oft lögð nótt við dag. Margar svaðilfarir voru farnar til að bjarga bílum í óveðrum og ófærð. Þá má ekki gleyma að Sigursteinn þeyttist á milli bænda að gera við hevvinnuvélarnar á nóttu sem degi, því ekki var gott að missa kannski örfáa þurrkdaga sem komu. En Sigursteinn undi sér ver úti á landsbyggðinni þó stundum væri erfitt og tók sér þá fri til að skoða landið. Hann var mikill náttúruunnandi og ferðuðust þau hjónin mikið að sumri sem vetri.

Sigursteinn vann hér ómetanlegt starf í sambandi við skíðaiðkun. Hann kom upp slíkri aðstöðu inni á



Sigursteinn G. Melsteð.

Breiðdalsheiði ásamt lionsmönnum, útbjó skíðalyftu og skúr til að vera í nærri lyftunni. Í marga vetur fór hann með börn og unglunga inn á Heiði og voru það ansi margir krakkar sem hann útvegaði skíði og búnað og hjálpaði þeim að komast af stað á skíðunum.

Var þetta ómetanlegt framtak.

Sigursteinn skemmti fólki oft með harmónikkuspili, bæði á samkomum hjá fullorðnum og á barnaböllum. Þá var harmónikkan oft með á ferðalögum bæði innan lands og utan og veitti mikla gleði.

Við Margrét konan mín áttum því láni að fagna að vera í mörgum skemmtiferðum og skemmtunum með þeim Hönnu og Steina, á þorralblótum, lionsferðalögum og fleirum. Voru það ógleymanlegar stundir.

Sigursteinn var einn af stofnfélögum í Lionsklúbbsnum Svani og einn af allra traustustu félögum í klúbbsnum. Hann var útnefndur Melvin Jones félagi 11. desember s.l.

Sigursteinn átti við erfíðan sjúkdóm að stríða síðustu árin, en hann barðist mjög hetjulegri baráttu. Síðast liðið sumar dvaldi hann mest í Reykjavík, ýmist á sjúkrahúsi eða heima hjá fjölskyldu sonar og tengdadóttur. Hanna stóð eins og klettur við hlið hans og annaðist hann af stakri alúð til hinstu stundar.

Við í Lionsklúbbsnum Svani söknum sárt góðs félaga og sendum Hönnu, börnum, tengdabörnum og fjölskyldum þeirra okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Minnigin mun lifa í hjörtum okkar allra

Sigurður Magnússon
Lionsklúbbsnum Svani



Gestir í afmælisboði.

**LIONSKLÚBBUR
SKAGASTRANDAR
og
LIONSKLÚBBURINN
ÚLFAR**



**VELKOMNIR Í
LIONSHREYFINGUNA**